

7. gr.

Verði Hjúkrunarfélag Íslands lagt niður, þá skal sjóðurinn starfa áfram sem sérstæð stofnun.

8. gr.

Skipulagsskrá þessari má aðeins breyta á aðalfundi Hjúkrunarfélags Íslands með samþykki $\frac{3}{4}$ greiddra atkvæða, enda hafi breytingarnar verið bornar fram og ræddar á næsta aðalfundi á undan og þeirra að sjálfsögðu getið í fundarboði.

9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og hún birt í Stjórnartíðindum.

Reykjavík, 10. febrúar 1964.

Kristín Gunnarsdóttir.

Anna Loftsdóttir.

Ingibjörg Ólafsdóttir.

María Finnsdóttir.

María Guðmundsdóttir.

Jóhanna Þórarinsdóttir.

REGLUGERÐ

um fasteignaskatt í Auðkúluhreppi, V.-Ísafjarðarsýslu.

Fasteignaskatt í Auðkúluhreppi skal innheimta með 100% álagi eins og hann er ákveðinn í 3. gr. laga nr. 69/1962.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 69/1962, 5. gr. sbr. 3. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 18. ágúst 1964.

Gunnar Thoroddsen.

Hallgrímur Dalberg.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Styrktarsjóð Steinunnar og Þórðar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 19. ágúst 1964.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð Steinunnar og Þórðar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður Steinunnar og Þórðar og er stofnaður til minningar um hjónin Steinunni Ólafsdóttur, f. 12. júní 1880, hjúkrunarkonu, og Þórð Jónsson, f. 24. ágúst 1885, yfirtollvarðstjóra, síðast til heimilis við Nordre-Frihavngade 31 í Kaupmannahöfn. Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík og er stofnfé hans kr. 20000.00.